

hendi, og hafi dómariinn boðið honum að ganga út, en hann neitað því ákveðið, ekki viljað skiljast við bróður sinn, og veifað lurkinum, hann hafi látið hið dólgslegasta, þrammað um herbergið og barið lurkinum í gólfið og viljað að dómariinn breytti bókuninni.

Það sést nú ekki að skýrsla þessi hafi verið lesin upp í réttinum, en réttarvottarnir hafa þó skrifað undir réttarhaldið. Sjálfur játar kærður ekki að hafa aðhafzt frekar en að hafa stutt kolluprikinu, er hann svo nefnir, í gólfið, er hann gekk þar um sér til hita, og látið rannsóknina hlutlausu að öðru leyti en því, að hann hafi óskað eftir, að dómariinn bókaði eina setningu nákvæmlega eftir bróður sínum. Dómariinn hafi heldur eigi vísað sér út, heldur aðeins spurt sig um, hvort hann vildi ekki fara inn í baðstofu, og heldur því fram, að frekar hafi ekki verið fengist um návist hans við rannsóknina. Það verður að lita svo á, að það hafi verið bláber skylda kærða að fara út er dómariinn innti að því, og þá eigi siður fyrir það að hann var bróðir kærðs, verður því eigi komist hjá því að dæma hann fyrir brot gegn 99. gr. 2. málgr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 kr. sekt í ríkissjóð og vararefsing ákveðin 6 daga einfalt fangelsi ef hún er eigi greidd innan 30 daga frá birting dóms þessa.

Báðir hinir kærðu greiði sakarkostnað, þar á meðal 60 kr. til talsmanns síns í héraði, hrmflm. Eggerts Claessen, Höskuldur að  $\frac{5}{8}$  en Haukur að  $\frac{1}{8}$  hluta.

Óþarfur dráttur hefir ekki orðið á málinu og málaflutningurinn vítalaus.

---

Föstudaginn 13. dez. 1935.

Nr. 110/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)  
gegn

**Erlendi Sigurðssyni**

(Sveinbjörn Jónsson).

Sýknun af kæru fyrir landhelgisbrot.

*Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 6. júní 1935: Kærður, Erlendur Sigurðsson, á að vera sýkn af*

kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hæstaréttarmálaflutningsmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 80.00 greiðist úr rikissjóði.

### Dómur hæstaréttar.

Eftir að dómur í máli þessu var kveðinn upp í héraði, hefir forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík sett út á sjókort stað þann, sem varðskipið Ægir var statt á kl. 11,02 árd. hinn 9. ágúst 1934, samkvæmt hornmælingum þeim, sem þá voru gerðar af varðskipinu og frá er skýrt í forsendum héraðsdómsins. Samkvæmt þeirri útsetningu hefir staður varðskipsins verið þá aðeins 0,04 sjóm. eða 74 metra innan landhelgislinunnar. Það er því ljóst, bæði af þessari útsetningu og öðrum, sem gerðar hafa verið samkvæmt sömu hornmælingum, og til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, að kjölvatn togarans hefir verið mjög skammt innan landhelgislinunnar, er þessi staðarákvörðun var tekin. Nú er það einnig upplýst, að nokkur stund leið frá því, að kjölvatnið varð sýnilegt í kjölfari togarans þar til áðurnefnd staðarákvörðun var gerð, og að straumur muni hafa borið það í áttina til lands, en það er ekki upplýst, svo öruggt sé, hversu langan veg kjölvatnið hefir borizt áður en hornmælingin var gerð, né hversu bein stefna þess til lands hafi verið. Það þykir því varhugavert, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að telja það nægilega sannað, að kærði hafi í umrætt skipti verið að veiðum í landhelgi. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á rikissjóð, þar með talin

málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 120 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 120 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Erlendi Sigurðssyni skipstjóra á togaranum Venus G. K. 519 frá Hafnarfirði fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 18. maí 1920.

Málavextir eru þessir:

Þann 9. ágúst 1934 kl. um 11 f. h. var varðskipið „Egir“ á vesturleið, rétt fyrir vestan Portland og stefndi í 277° r/v í þoku. Kl. 10,54 létti þokunni nokkuð og sást þá togarari vestar og nær landi og virtist frá varðskipinu stefna austur og frá landi. Reyndist það togarinn „Venus“ G. K. 519 undir skipstjórn kærðs. Kl. ca. 10,59 fór varðskipið fram hjá togaranum og var þá nær landi heldur en hann. Kl. 11 staðnæmðist varðskipið í kjölfari togarans og kveður skipherra togarann þá hafa verið ca. 100—200 metrum utar en varðskipið. Togarinn var að toga með bakborðsvörpu.

Kl. 11,02 var þokunni létt svo að varðskipið gerði eftirfarandi staðarákvörðun:

Drangshlíðarfjall	
	> 61° 40'
Pétursey	
	> 56° 50'
Portlandsviti	

er það staðurinn A markaður á uppdrátt, 0,1 sjómilu innan landhelgislinu.

Kl. 11,06 var sett út bauja og staður hennar mældur sem hér segir:

Drangshlíðarfjall  
> 63° 40'

Pétursey  
> 54° 53'

Portlandsviti

staðurinn B markaður á uppdrátt, dýpi var 56 m. 0,1 sjóm. innan landhelgislinu. Þessi staður er nokkru vestar og norðar en staður A, enda hafði skipið þá rekið fyrir straumi á milli þess að athuganirnar höfðu verið gerðar.

Kl. 11,30 var varðskipið komið út að togaranum, sem hafði haldið áfram út frá landi og beygt til vesturs og byrjað að draga inn vörpuna. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Drangshlíðarfjall  
> 62° 10'

Pétursey  
> 47° 28'

Portlandsviti

Er það staður C á uppdrætti, 0,6 sjóm. utan landhelgislinu.

Kl. 12,25 var staðnæmst við baujuna til þess að prófa rek varðskipsins fyrir straumi og látin reka til kl. 13,18 og þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Drangshlíðarfjall  
> 75° 35'

Pétursey  
> 46° 59'

Portlandsviti

Er það staður D á uppdrætti. Kveður skipherra þessar athuganir gefa stefnu straumsins N. t. V.  $\frac{1}{2}$  V. eftir segulátt og straumhraða h. u. b. 1,4 sjómilu á klst.

Skipherrann telur togarann með vissu hafa verið á þeim stað, sem varðskipið staðnæmdist í kjölfari hans kl. 11, og sé sá staður samkvæmt framangreindum staðarákvörðunum 0,1 sjóm. innan landhelgi. Ennfremur kveður hann kjölvatnið hafa sést eitthvað lengra í áttina til lands, en getur ekki sagt um hve langt.

Kærður neitar því að hafa verið innan landhelgi í umrætt skipti. Er því í fyrsta lagi haldið fram af hans hálfu að staðarákvörðun skipherrans A og B á uppdrætti hans geti ekki verið rétt afmarkaðir því þeir séu taldir jafnlangt frá landhelgislinunni og sé þar af auðsætt að eigi sé tekið tillit til þess að varðskipið rak á milli athugananna í straumstefnu. Hefir Guðmundur B. Kristjánsson stýrimannaskólakennari sett straumstefnu út á línuritið, samkvæmt upplýsingum úr skýrslu skipherrans og kemst þar að þeirri niðurstöðu, að stefna straumsins sé talsvert meira að landi, heldur en skipherrann hafi tekið tillit til.

Þá hefir greindur Guðmundur og Hafsteinn skipstjóri Bergþórsson verið fengnir af hálfu kærðs, til þess að setja staðinn út á sjókort. Samkvæmt þeirri útsetningu hefir staður „Ægis“ kl. 11,02 aðeins verið 0,05 sjóm. eða 93 m. innan landhelgislínu og kl. 11,06 aðeins 0,03 sjóm. eða 56 m. innan landhelgislínu. Er það allmiklu nær línunni heldur en eftir skýrslu skipherrans.

Þá er bent á í þessu sambandi, að skipherrann telur togarann hafa verið 100—200 m. utar en Ægir, þegar Ægir kom í kjölfar hans kl. 11 og hljóti togarinn því bæði kl. 11,02 og 11,06 að hafa verið alllangt utan landhelgislínu.

Þá er því haldið fram af hálfu kærðs, að bæði kjölvatn togarans og varðskipið hafi rekið meira í áttina til lands, áður en athuganir varðskipsins voru gerðar, sérstaklega staðarákvörðun B, heldur en skipherrann hefir tekið tillit til. Síðan er bent á, að tekið hafi 6 mínútur að setja niður baujuna, sem staðarákvörðun B. var tekin frá. Ennfremur er bent á, að um stefnu togarans fullyrti skipherrann ekkert og verður því að leggja til grundvallar skýrslu kærðs og stýrimanns hans.

Samkvæmt framanskráðu verður rétturinn að líta svo á, með sérstöku tilliti til þess, hversu nálægt landhelgislinunni allar mælingar og staðarákvarðanir í málinu reyndust, að gegn neitun kærðs og með tilliti til þeirra mótgagna og raka, sem leidd hafa verið fram af hans hálfu, verði ekki talið fullsannað, að hann hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og verður samkvæmt því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Samkvæmt þeim úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr rikissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun

skipaðs verjanda kærðs, Sveinbjarnar Jónssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 80.00.

Mál þetta hefir dregizt all-lengi, en frá því verjandi kærðs skilaði vörn sinni hefir enginn óþarfur dráttur orðið á málinu hjá núverandi dómara.

---

Mánudaginn 16. dez. 1935.

Nr. 117/1935. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

**Haraldi Albertssyni og Garðari Hansen** (Einar B. Guðmundsson).

Áfengislaga- og bifreiðalagabrot.

*Dómur lögregluréttar Skagafjarðarsýslu 16. apríl 1935:* Kærði, Haraldur Albertsson greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviftur rétti til að stjórna bifreið í 8 mánuði frá 17. marz að telja.

Kærði, Garðar Hansen, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan 6 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kostnað af gæzluvarðhaldsvist sinni greiði Haraldur Albertsson, en báðir hinir kærðu greiði in solidum allan annan löglega leiddan og leiðandi kostnað af máli þessu.

Framangreint bruggunartæki skal upptækt gert og eyðilagt.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt lýsingu þeirri á málsatvikum, sem í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi segir, hefir kærður Haraldur Albertsson gerzt brotlegur við